



**Fundargerð
aðalfundar
Heilbrigðiseftirlits
Suðurlands**

haldinn á Hótel Jökulsárlóni
á Hnappavöllum í Örfum
20. október 2016

1. Aðalfundarstörf

a) Setning – formaður stjórnar

Páll Stefánsson, formaður, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

b) Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Björn Inga Jónsson og Ásgerði K. Gylfadóttir sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

c) Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar og fjárhagsnefndar

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar HES að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður

Ísólfur Gylfi Pálmason

Ari Björn Thorarensen

Sveitarfélag

Hveragerðisbær

Rangárþing eystra

Sveitarfélagið Árborg

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa

d) Skýrsla stjórnar

Páll Stefánsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Ræddi hann um störf heilbrigðisnefndar á árinu og valdssvið nefndarinnar. Formaður hrósaði starfsfólki HES fyrir góð störf. Gengið var frá kjarasamningum fyrir starfsfólk á árinu.

Fjallaði hann um tillögu að hækkun gjaldskrár HES, einnig sagði hann frá því að gjaldskrá HES væri lægri en gerist og gengur hjá öðrum heilbrigðiseftirlitum.

Heilbrigðisnefndin fagnar breytingu lögreglusamþykktar sem lögð var fram á aðalfundi SASS, sérstaklega með tilliti til ferðavagna og bíla sem eru að leggja hér utan tjaldsvæða.

Mikil vinna er hjá embættinu við umsagnir vegna skipulagsmála. Starfsemin sem um ræðir er mjög fjölbreytt, allt frá heimagistingu, verslunum og upp í virkjanir.

Starfsleyfi er ekki gefið út fyrr en byggingarfulltrúi er búinn að taka út og gefa jákvæða umsögn.

Flækjustig í leyfisveitingum og umsögnum er allt of mikið og oft verða tafir á að hægt sé að gefa út leyfi. Óttast hann að fyrirhugaðar breytingar um næstu áramót geti orðið til þess að flækjustig verði enn meira.

Að lokum ræddi hann um svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem er landfræðilega stórt en eftirlitskyld fyrirtæki á svæðinu eru tæplega 1500 og eru jafn fjölbreytt og þau eru mörg.

e) Skýrsla framkvæmdastjóra

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdarstjóri, flutti ársskýrslu HES.

HES er byggðasamlag 14 sveitarfélaga en sveitarfélögum er skylt að reka heilbrigðiseftirlit.

Góð samvinna er við sveitarfélögin, SASS og aðra aðila sem þarf að vera í sambandi við. Landinu er skipt í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi halda árlega fundi og er það vettvangur þar sem hægt er að bera saman bækur sínar.

Heilbrigðisnefndin er stjórnvaldið og starfsmenn vinna í umboði hennar. Starfsmenn HES eru 6 og er starfstöðvar á tveimur stöðum, á Selfossi og í Vestmannaeyjum.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum hefur fjölgað mjög og í dag eru þau 1449. Fjöldi starfsleyfa í útleigu sumar- og íbúðarhúsa hefur einnig aukist gríðarlega. Umsögnum vegna skipulagsmála hefur fjölgað en þessi mál eru mjög tímafrek.

Fór hún yfir fjölda neysluvatnssýna sem tekin hafa verið á árinu en við erum heppin með neysluvatn á svæðinu.

Lyktarmál koma inn á borð HES og má þar nefna ólykt í Þorlákshöfn við framleiðslu á þurrkuðum fiskafurðum og brennisteinsmengun frá jarðvarmavirkjunum.

Nokkur ný mál hafa komið inn á borðið hjá HES en eftirlit með frumframleiðslu matjurta hefur flust til HES frá MAST.

Ræddi hún um baðstaði í náttúrunni og náttúruleugar sem ekki er hægt að byggja frá nýjum grunni, einnig ræddi hún um dekkjakurl og bann við notkun á því á leik- og íþróttavöllum.

Að lokum ræddi hún um fyrirhugaðar breytingar á samþykktum á veitinga- og gistihúsalöggjöf, en þá verður það í verkahring sveitarfélaga að safna saman gögnum í eina umsögn til sýslumanns. Einnig var að koma ný reglugerð um lítil matvælafyrirtæki.

Til máls tóku auk Björns Inga, fundarstjóra, Ásta Stefánsdóttir, Eva Björk Harðardóttir, Ásgeir Magnússon, Helgi Kjartansson, Gunnar Þorgeirsson, Guðmundur Oddgeirsson og Unnur Þormóðsdóttir.

Sigrún Guðmundsdóttir tók til máls og svaraði fyrirspurnum.

f) Niðurstaða kjörnefndar um lögmæti fundarins

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörbréfa- og kjörnefndar kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbréfum. Gild kjörbréf eru 56 en alls voru mættir 40 aðalfulltrúar og 9 varamenn, 7 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

g) Ársskýrsla 2015

Sigrún Guðmundsdóttir gerði ársskýrslu 2015 skil í skýrslu stjórnar hér fyrir.

h) Ársreikningur 2015

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning ársins 2015. Rekstrartekjur ársins voru tæplega 77,5 m.kr. Rekstrargjöld ársins voru rúmlega 78,9 m.kr. Þar kom fram að rekstrartap ársins er rúmlega 500 þús. kr.

Ársreikningur var borin upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

i) Tillaga að fjárhagsáætlun 2017

Sigrún Guðmundsdóttir kynnti fjárhagsáætlun 2017. Helstu tölur eru að rekstrartekjur verði tæplega 97,6 m.kr. og rekstrargjöld rúmlega 97,6 m.kr.

Tillaga að fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

j) Tillaga að gjaldskrá

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þar sem gert er ráð fyrir 13% heildarhækkun á gjaldskrá.

Tillaga að gjaldskrá var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

k) Almennar umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust, enginn óskaði eftir að taka til máls.

Páll Stefánsson, formaður heilbrigðisnefndar, tók til máls og þakkaði fundarmönnum fyrir góðar umræður og sleit fundi.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 17:15